

## Fundargerð

Fimmtudaginn 17. desember 2020 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson, Sigurður Ármann Snævarr áheyrnarfulltrúi og Gústav Aron Gústavsson starfsmaður nefndarinnar sem ritar fundargerð.

### 1. Framlag vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélaga vegna Covid-19

Áframhaldandi umræða frá síðasta fundi. Sett var lokahönd á aðferðafræði við úthlutun framlaga vegna fjárhagserfiðleika. Farið var yfir drög að greinargerð þar sem aðferðafræðinni er lýst í skrefum. Samþykkt var að senda tillögu að aðferðafræði og forsendur til grundvallar við ákvörðun úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna fjárhagserfiðleika vegna Covid-19 til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins. Tillöguna má sjá nánar í fylgiskjali.

### 2. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fundi lauk kl. 09:45

Næsti fundur nefndarinnar verður fimmtudaginn 21. janúar 2021

## Fylgiskjal

**Framlög til sveitarfélaga sem glíma við fjárhagserfiðleika vegna Covid-19 faraldursins****Almennt**

Gefin var út yfirlýsing þann 30. september 2020 í tengslum við undirritun samkomulags ríkis og sveitarfélaga um opinber fjármál. Þar lýsa forsætisráðherra, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og fjármála- og efnahagsráðherra yfir vilja sínum að afla fjárheimilda á Alþingi fyrir aðgerðir sem miða að því að veita sveitarfélögum fjárhagslega viðspyrnu.

Ein af aðgerðunum er 500 m.kr. framlag til sveitarfélaga sem glíma við fjárhagserfiðleika vegna Covid-19 en orðrétt stendur í yfirlýsingunni:

**C. Sveitarfélög sem standa höllum fæti:** Veitt verði 500 m.kr. framlag árið 2020 sem nýtist til stuðnings þeirra sveitarfélaga sem glíma við hvað mesta fjárhagserfiðleika vegna Covid-19 faraldursins. Framlöginn verði veitt í samstarfi við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga og eftir atvikum Lánasjóð sveitarfélaga.

Greining starfshóps stjórnvalda leiddi í ljós misjafna fjárhagsstöðu sveitarfélaganna. Mörg þeirra eru í góðum færum til að takast á við áhrifin meðan önnur standa verr að vígi m.a. vegna neikvæðrar íbúapróunar, lágra skatttekna og skuldastöðu.

Eins fram kemur hér að ofan eru framlögin veitt í samstarfi við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Eftirlitsnefndin leggur fram tillögu að aðferðafræði og forsendur til grundvallar við ákvörðun um úthlutun framlagsins en horft er til A-hluta sveitarfélaganna. Það er svo í höndum samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að ákveða hvernig framlögin verði skipt milli þeirra sveitarfélaga sem glíma við fjárhagserfiðleika.

**Gögn**

Í yfirlýsingunni er einungis tilgreint að framlagið eigi að nýtast þeim sveitarfélögum sem glíma við mestu fjárhagserfiðleika vegna Covid-19 en fjárhagsstaða sveitarfélaganna er misjöfn til að takast á við áhrifin.

Fjárhagsleg áhrif sem faraldurinn hefur á sveitarfélögin eru að mestu leyti á tekjuhliðina. Útsvarstekjur eru minni en ella vegna minni umsvifa og jafnframt verða framlög jöfnunarsjóðs lægri en áætlað var fyrir árið 2020. Fyrir liggja gögn um útsvarstekjur sveitarfélaga til október mánaðar á árinu 2020. Framlög jöfnunarsjóðs fyrir árið 2020 liggja að mestu leyti fyrir en þau hafa lækkað frá upphaflegri áætlun þar sem að ríkisframlagið til jöfnunarsjóðs lækkaði vegna lægri tekna ríkissjóðs. Þau framlög sem lækkuðu eru:

- Útgjaldajöfnunarframlög.
- Framlög vegna lækkun tekna af fasteignaskatti.

Eftirlitsnefndin leggur til að ekki verður tekið tillit til annarra framlaga jöfnunarsjóðs.

Sveitarfélög hafa orðið fyrir ýmsum kostnaði vegna faraldursins sem liggur til að mynda í aukinni fjárhagsaðstoð, auknum launakostnaði vegna afleysinga fyrir fólk sem hefur verið í sóttkví, sóttvarnir o.fl. Öðrum liðum yfirlýsingarinnar er ætlað að mæta því, a.m.k. að hluta.

Til að meta fjárhagsleg áhrif faraldursins á sveitarfélög er megináherslan lögð á tekjuhliðina. Við það mat er áreiðanlegast að nota gögn um útsvarstekjur og svo framlög Jöfnunarsjóðs. Sveitarfélög eru í misjafnri stöðu til að mæta lækkun tekna og til að meta styrk fjárhagsstöðu þeirra eru notuð gögn úr ársreikningum 2019. Þar ber helst að nefna handbært fé, veltufjármunir, skammtímaskuldir og skuldahlutfall.

Forsendur tillögu nefndarinnar er að með úthlutun framlaga náist að bæta að hluta stöðu þeirra sveitarfélaga sem sætt hafa mestu tekjufalli.

### **Aðferð**

#### ***Skref 1:***

Skoðuð er breyting á útsvarstekjum sveitarfélaga og framlögum jöfnunarsjóðs milli ára. Horft er til tímabilsins 1. apríl til 31. október 2020 og það borið saman við sama tímabil fyrra árs, þar sem áhrifa faraldursins hafa helst gætt.

Breyting á útsvarstekjum og framlögum jöfnunarsjóðs er tekin saman til að finna heildarbreytinguna. Til frekari skoðunar koma þau sveitarfélög þar sem heildarbreytingin er neikvæð, þ.e. tekjurnar hafa lækkað.

Rétt er að fram komi að rúmlega helmingur sveitarfélaga er með aukningu tekna milli ára, hvort heldur er skoðað tímabilið janúar til október eða apríl til október.

#### ***Skref 2:***

Horft er á skuldahlutfall hvers sveitarfélags í lok árs 2019 fyrir A-hluta, samkvæmt ársreikningum sveitarfélaga. Skuldahlutfallið reiknast sem heildartekjur deilt með heildarskuldum og skuldbindingum. Gert er ráð fyrir að sveitarfélag sem er með undir 50% í skuldahlutfalli hafi svigrúm til að mæta tekjufallinu. Þannig að út falla þau sveitarfélög skv. skrefi 1, sem eru undir 50% skuldhlutfalli.

#### ***Skref 3:***

Tekið er tillit til fjárhagsstöðu sveitarfélagsins til að mæta tekjufallinu til skamms tíma. Tekin er mismunur á stöðu veltufjármuna, að frádregnum kröfum á eigin fyrirtæki, og stöðu á skammtímaskuldum að frádregnum skuldum við eigin fyrirtæki skv. ársreikningi 2019.

Mismunur þessi er „hreint veltufé“, sem horft er til.

Reiknað er 3% af þannig reiknuðu hreinu veltufé til lækkunar á reiknuðu tekjufalli skv. skrefi 2.